



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAÞJÓNUSTU

**FRAMTÍÐARSÝN
OG ÁLYKTANIR SFR
FYRIR AÐALFUND
25.03.2010**

SFR - stéttarfélag í almannajónustu
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík
s. 525-8340 - sfr@bsrb.is - www.sfr.is

Framtíðarsýn SFR

Mikilvægt er fyrir SFR að vera virkt í allri þjóðfélagsumræðu, bæði í gegnum BSRB og í eigin nafni. Forysta SFR þarf að auka slagkraft félagsins um leið og unnið er að því að efla samstöðu félagsmanna, um hlutverk og meginmarkmið félagsins. SFR á að vera kraftmikið félag þar sem ríkir í senn mikil virkni og góð samstaða.

Meginverkefni SFR hér eftir sem hingað til lúta að kjara- og réttindamálum. SFR þarf að horfa til vinnustaðarins í æ ríkari mæli. Vinnustaðurinn þarf að uppfylla öll þau vinnuverndarsjónarmið sem á að gera hann að manneskjulegum vinnustað. SFR á að stuðla að góðu samstarfi milli trúnaðarmanna og atvinnurekenda. SFR skal leggja ríka áherslu á að jafna tekjubilið í samfélaginu og að bæta laun almennt.

Um innri mál félagsins er bent á að styrkja þurfi samskipti og tengsl forystunnar við almenna félagsmenn, til dæmis með morgunverðarfundum og heimsóknum á vinnustaði.

Auka þarf félagslega virkni og fá þarf fleira ungt fólk til starfa. Þá þarf að efla trúnaðarmannakerfið og gera félagið aðgengilegra fyrir háskólamenntað fólk

Megin áherslur eru:

- Að stuðla að bættum kjörum félagsmanna, þar sem horft er bæði til tekna og útgjalda.
- Að stuðla að bættu vinnuumhverfi félagsmanna.
- Styrkja tengsl forystu og félagsmanna.
- Auka samstöðu meðal félagsmanna SFR.
- Að SFR sé ávalt virkt í þjóðfélagsumræðunni.
- Að sporna við vaxandi tekjubili í þjóðfélaginu.
- Að sporna við einkarekstri og einkavæðingu í almannaþjónustu og skal hún vera í samfélagslegri eigu.
- Að SFR stuðli að fjölskylduvænni vinnumenningu og jafnrétti á vinnustöðum
- Að SFR vinni gegn kynbundnum launamun og að sjónarmið beggja kynja komi ávallt fram.
- Að SFR stuðli að umhverfisvernd, aukinni umræðu og ábyrgð í loftslagsmálum og sjálfbærri þróun

Stjórn félagsins skal á hverjum tíma setja fram sínar áherslur um framgang framtíðarsýnarinnar.

Ályktun aðalfundar SFR – stéttarfélags í almannajónustu um greiðsluvanda heimilanna

Aðalfundur SFR - stéttarfélags í almannajónustu, haldinn 25. mars 2010, hefur verulegar áhyggjur af skuldastöðu heimilanna og krefst þess að ríkisstjórnin móti skýran lagaramma, og reglur um samhæfðar aðgerðir lánastofnanna gagnvart skuldum heimilanna. Í stöðuleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins frá því s.l. sumar er lögð áhersla á að vinna að tillögum um það hvernig bæta megi stöðu skuldsettra heimila og ítrekar SFR það samkomulag.

Ljóst er að bregðast þarf við þeim aðstæðum sem hafa skapast og grípa til almennra aðgerða. Ýmislegt er gert en þær aðgerðir sem hafa verið kynntar hingað til duga skammt. Þau úrræði sem nú eru til staðar eru of flókin, virka seint og ekki er eftirlit með því hvernig er tekið er á málum ólíkra aðila. Aðalfundur SFR gerir kröfu til þess að stjórnvöld einfaldi úrræði, geri þau almenn, eflí eftirlit og bæti lagaumhverfi. Aðalfundur SFR telur þær tillögur sem ríkisstjórnin lagði nýlega fram ekki duga að fullu.

Nauðsynlegt er að gera þau neyðarúrræði sem grípa þarf til mannúðlegri með því að breyta réttar- og samningsstöðu almennings gagnvart kröfuhöfum á þann hátt að einstaklingurinn geti haldið áfram lífi sínu með reisn og hafið uppbyggingu á lífi fjölskyldu sinnar að nýju.

Fundurinn hvetur stjórnvöld til að stuðla að sátt í samfélaginu og lýsir yfir áhyggjum af því að auknar álögur hafi áhrif á kaupmátt launafólks í landinu og þar með skuldastöðu heimilanna. Að viðhalda kaupmætti launa er einn mikilvægasti þáttur í því að halda hjólum samfélagsins gangandi og þar með að standa vörð um heimilin í landinu. Aðalfundur SFR telur að það þurfið að fara fram afar vönduð og umfangsmikil greining á öllum vísitölutengingum í framtíðinni og vinna að niðurstöðu um hvaða kerfi sé best að viðhafa í vaxtar- og lánamálum til framtíðar.

Ályktun aðalfundar SFR – stéttarfélags í almannajónustu um kjara- og efnahagsmál

Aðalfundur SFR, stéttarfélags í almannajónustu, haldinn 25. mars 2010, krefst þess að stjórnvöld hafi viðtækt samráð við samtök launafólks um aðgerðir vegna ástandsins í efnahagsmálum. Endurskipulagning samfélagsins verður ekki framkvæmd nema í samvinnu ríkisvalds og stéttarféлага og stöðugleiki í efnahagsmálum kemst ekki á nema með samvinnu launafólks, atvinnurekenda og ríkis.

Aðalfundur SFR mótmælir harðlega skerðingu kjara þeirra lægst launuðu í samfélaginu. Ekki má hrófla við áunnum starfskjörum og réttindum launafólks. Í kjölfar undangenginna atburða vill aðalfundur SFR taka fram að hann líti það mjög alvarlegum augum að stjórnvöld skuli grípa inn í kjaradeilu með lagasetningu og brjóta þannig á grundvallar mannréttindum launafólks.

Hafna ber öllum tilraunum stjórnvalda til að nota efnahagsástandið til að þrengja meira að samfélagsþjónustunni en þegar er orðið. Víða í velferðarþjónustunni hefur verið gengið of langt í niðurskurði. Álag á starfsfólk hefur aukist og er í mörgum tilvikum óhóflegt. Í slíku árferði, sem nú er, er styrk almannajónusta þjóðarnauðsyn og til lengri tíma ber að styrkja hana til að ná markmiðum norrænar velferðarþjónustu.

SFR lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað undanfarna mánuði á vinnumarkaði. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög bregðist við auknu atvinnuleysi strax og grípi til markvissra aðgerða til að vinna gegn því. Ekki er nóg að einblína einungis á mannaflsfrekar aðgerðir heldur ber líka að líta til velferðarþjónustunnar og þeirra verkefna sem brenna þar á. Um 19% allra atvinnuleitenda eru á aldrinum 16-24 ára og er því afar brýnt að líta sérstaklega til þess hóps.

Ályktun aðalfundar SFR – stéttarfélags í almannajónustu um umhverfismál

Aðalfundur SFR – stéttarfélags í almannajónustu haldinn 25. mars 2010 hvetur til faglegra vinnubragða stjórnvalda við nýtingu auðlinda landsins þar sem sjálfbærni og umhverfisvernd eru höfð að leiðarljósi. Tveir mikilvægir áfangar á þeirri leið eru; að ljúka við 2. áfanga rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma og í öðru lagi mótun heildstæðrar orkustefnu fyrir Ísland.

Nauðsynlegt er að almenningur fái að koma sjónarmiðum sínum að í mótunavinnu opinberra aðila svo sátt megi ríkja um verndun og nýtingu auðlinda landsins. Vara ber við að veita „ afslátt“ á verndun umhverfis þrátt fyrir efnahagslega örðugleika nú um stundir. Aðalfundur SFR krefst þess að auðlindir þjóðarinnar, til lands og sjávar, verði í almannaeigu og nýttar í almannapágu.

Hvatt er til aukinnar notkunar á innlendu vistvænu eldsneyti og hraðari útskipta á hefðbundnu jarðefnaeldsneyti fyrir orku frá endurnýjanlegum orkulindum.

Gefa þarf aðra valkosti en einkabílinn aðgengilegri almenningi á aðhaldstímum sem þessum, svo sem almenningsgöngur og reiðhjóla- og göngustíga. Það hefur í för með sér sparnað fyrir heimilin í landinu og umhverfisvænna samfélag fyrir okkur öll.

Ályktun SFR – stéttarfélags í almannabjónustu um lýðsræðislega uppbyggingu

Á undanförnum misserum hefur íslenskt samfélag orðið fyrir örlagríkum áföllum, í kjölfarið af taumlausri markaðshyggju og gjaldþroti frjálshyggju undangenginna ára þar sem einkavæðingarhugmyndir og fjármagnsöfl auðvaldsins réðu ríkjum.

Aðalfundur SFR krefst þess að þjóðin fái upplýsingar um það sem gerðist innan veggja þeirra fyrirtækja og stofnana sem hafa verið valdir að þeim efnahagsvanda sem þjóðin er í. Grípa skal til viðeigandi aðgerða í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar alþingis. Gagnsæi þarf að vera ríkjandi á öllum stigum þjóðfélagsins. Úreltar hugmyndir um bankaleynd eiga ekki lengur við. Nauðsynlegt er að gera upp við fortíðina og græðgi auðmanna.

Staðan kallar á grundvallar breytingar á viðhorfum og gildum allra. Stjórnvöld þurfa að stunda lýðræðisleg vinnubrögð til að uppræta spillingu í samfélaginu. Nú blasir við nýr veruleiki og verkefni okkar snúast um hvernig við sjálf sköpum okkur hann. SFR – stéttarfélag í almannabjónustu leggur áherslu á að framtíð Íslands og farsæld liggur í hvernig við sem þjóð endurskipuleggjum samfélag okkar og hvaða gildi við setjum fremst þegar við rísum úr rústum græðginnar á ný.

Möguleikar allra þátttakenda til að vera virkir í samfélaginu – jöfn tækifæri allra - ekki einungis einstakra hópa er grundvöllur farsældar. Gegnsæi, fjölbreytni, jafnrétti og tengsl á milli allra megin sviða þjóðfélagsins þarf að vera ríkjandi þar sem heiðarleiki og réttlæti er í fyrirrúmi og fólk tekur ábyrgð á gjörðum sínum. Gildi sem tengjast samstöðu þings og þjóðar og trausti á því að við höldum öll í sömu átt. Réttlæti og heiðarleiki er forsenda velferðar.